



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**Hafsbotnsmælingar við Jan Mayen  
og Norðurland 1985**

Karl Gunnarsson

OS-85099/JHD-55 B      Nóvember 1985



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer : 590-050

**Hafsbotnsmælingar við Jan Mayen  
og Norðurland 1985**

Karl Gunnarsson

OS-85099/JHD-55 B      Nóvember 1985

## ÁGRIP

Orkustofnun hefur staðið fyrir skipulagningu setlagarannsókna á Jan Mayen-neðansjávarhryggnum í samvinnu við norsk stjórnvöld. Þessar rannsóknir voru skilgreindar í samningi þjóðanna tveggja um sameiginleg afnot af auðlindum hafsbotnsins á þessu svæði, og kosta Norðmenn rannsóknirnar. Á tímabilinu frá 17. ágúst til 2. september 1985, tók starfsmaður Orkustofnunar þátt í eftirliti með mælingaferð á svæðið, með skipinu Malene Östervold frá norska mælingafyrirtækinu Geco. Samtals söfnuðust um 4200 km af margrásu mælingum af endurkasti hlóðbylgna frá setlögum, sem eru með fullkomnustu olíleitaráðferðum. Jafnframt var Þyngdar- og segulmælt.

Í sama leiðangri voru sams konar mælingar gerðar á setlagasvæði því undan Norðurlandi sem kennt hefur verið við Flatey. Þessar mælingar eru alfarið á vegum íslenskra stjórnvalda, og var koma mælingaskipsins til landsins nýtt til að fá mælingu á betri kjörum en ella. Á þessu svæði voru samtals mældir 250 km.

Mælingarnar tókust að flestu leyti vel, en ekki er hægt að meta endanlega gæði né upplýsingagildi fyrir en þau koma úr tölvuvinnslu. Slík vinnsla er mjög mikil og dýr, og kostar um þriðjung af kostnaði við mælingar. Aflað hefur verið tilboða á alþjóðlegum markaði í vinnslu Jan Mayen-gagnanna, og er gert ráð fyrir að verkinu verði lokið snemma sumars 1986. Orkustofnun mun framvegis sem áður hafa eftirlit með meðferð mælingagnanna. Þau munu að vinnslu lokinni verða boðin hverjum og einum til kaups, með leyndarákvæðum, og gert er ráð fyrir að svo mörg olíufélög sýni áhuga að það náist inn fyrir kostnaði.

Vinnsla gagnanna af Flateyjarsvæðinu er óvissari, bæði hvað varðar tíma, stað og fjárveitingu. Ef fé fæst á næsta ári mætti láta þau fylgja Jan Mayen-gögnunum, en einnig eru uppi hugmyndir um að reyna vinnslu á Orkustofnun og í því sambandi að innleiða þar nýja tækni til jarðkönnunar.

Þó mælingar þessar séu allumfangsmiklar og tæknilega fullkomnar, verður að líta á þær sem frum- eða undirbúningsrannsóknir fyrir olíuleit. Ekki er líklegt að þær einar gefi annað en betri innsýn í gerð og sögu jarðlaga, og ábendingar um hvar líklegast sé að leita olíu. Gert er ráð fyrir að olíuiðnaðurinn taki þátt í áframhaldandi rannsóknum á Jan Mayen-svæðinu, ef af verður. Lagt er til að haldið verði áfram starfi við lokavinnslu og túlkun gagnanna hér heima, svo stjórnvöld geti myndað sér sjálfstæða skoðun á möguleikum svæðanna.

EFNISYFIRLIT


	bls.
ÁGRIP	2
SKRÁ YFIR MYNDIR	4
1 INNGANGUR	5
2 MÆLITÆKNI	6
2.1 Skipið	6
2.2 Hljóðgjafi	6
2.3 Móttökubúnaður	8
2.4 Skráning endurkastsmælinga	8
2.5 Hlustunardufl	8
2.6 Önnur mælitæki	9
2.7 Siglinga- og staðsetningatæki	9
3 MÆLINGAR Á JAN MAYEN-SVÆÐI	10
3.1 Sigling	11
3.2 Endurkastsmælingar	11
3.3 Bylgjubrotsmælingar	12
3.4 Þyngdarmælingar	13
3.5 Segulmælingar	13
3.6 Mælilínur	13
4 MÆLINGAR Á FLATEYJARSVÆÐI	18
4.1 Sigling	19
4.2 Endurkastsmælingar	19
4.3 Bylgjubrotsmælingar	20
4.4 Þyngdarmælingar	20
4.5 Segulmælingar	20
4.6 Mælilínur	21
5 FRAMHALD RANNSÓKNA	21
5.1 Jan Mayen mælingar	22
5.2 Flateyjarsvæðið	23
RITSKRÁ	24
ENGLISH SUMMARY	25
VIÐAUKI 1	26
VIÐAUKI 2	34

SKRÁ YFIR MYNDIR

	bls.
Mynd 1. Hafsvæðið milli Íslands og Jan Mayen - mælisvæðin	5
Mynd 2. Fyrirkomulag loftbyssukippa í mælingu	7
Mynd 3. Mælilínur á Jan Mayen-svæði	14
Mynd 4. Mælilínur á Flateyjarsvæði	19

# 1 INNGANGUR

Hér er fjallað um tvö hafsbotsmælingaverkefni sem framkvæmd voru sumarið 1985. Tilgangurinn var að rannsaka setlög á hafsbotni með mæliaðferð þeirri sem kalla má margrása endurkastsmælingar, sem byggir á endurkasti hljóðbylgna frá jarðlagamótum. Bæði verkefni hafa hagnýta þýðingu og eru frumpáttur í olíuleit. Í samvinnu við Norðmenn var mælt á hafsvæðinu suður af eyjunni Jan Mayen, yfir neðansjávarhryggnum sem gengur suður frá eyinni og kenndur er við hana. Þessar mælingar eru samkvæmt ákvæðum milliríkjasamnings þjóðanna, kostaðar af Norðmönnum en í beggja þágu. Hitt verkefnið var athugun á setlögum undan Mið-Norðurlandi, kenndum við Flatey. Þær eru að öllu leyti á vegum Íslendinga, og eru líklega fyrstu mælingar af þessu tagi sem við stöndum fyrir. Lega mælisvæðanna er sýnd á mynd 1. Verkefni tvö voru framkvæmd í sömu siglingu mælingaskipsins Malene Östervold. Skipið er rekið af norska mælingafyrirtækisinu Geco, sem sá um framkvæmd mælinganna, en Olíustofnunin norska (Oljedirektoratet) og Orkustofnun sáu um undirbúning, skipulag og eftirlit. Undirritaður var um borð með skipinu sem fulltrúi Orkustofnunar, til eftirlits með mælingunum.



Mynd 1. Hafsvæðið milli Íslands og Jan Mayen. Mælisvæðin sem sýnd eru á myndum 3 og 4 eru lauslega afmörkuð, og einnig er afmarkað með brotinni línu sameiginlegt efnahagssvæði frændþjóðanna á Jan Mayen neðansjávarhryggnum.

Skýrsla þessi fjallar um mæliaðferðir og framkvæmd mælinganna, og gefur yfirlit um mæligögnin og gæði þeirra. Ekki er reynt að tína til öll tæknileg smáatriði, enda eru þau aðgengileg í öðrum skýrslum mælingamanna. Mælingunum á Flateyjarsvæðinu eru gerð heldur nákvæmari skil, enda berum vér einir ábyrgð á skrásetningu þeirra. Rétt er að taka það skýrt fram, að til þess að lesa megi fullkomlega úr mæligögnum, þarf bæði umfangsmikla og dýra úrvinnslu, og fyrr er ekki rétt að draga neinar ályktanir um jarðlagagerð eða möguleika á olíu. Úrvinnsla mæligagna af Jan Mayen hefur verið boðin út, og gagnavinnslu-fyrirtæki verður valið fyrir áramót. Búist er við norskrei fjárveitingu til vinnslunnar á næsta ári. Þess er vænst að vinnslan geti hafist af fullum krafti eftir áramót, og áætlað er að hún taki hálf t. ár. Áætlanir um vinnslu endurkastsgagnanna frá Flateyjarsvæðinu eru óvissari, m.a. vegna þess að fjárveiting er ekki trygg.

## 2 MÆLITÆKNI

### 2.1 Skipið

Malene Østervold er mælingaskip skrásett í Bergen. Eigandi er H. Østervolds Rederi, en skipið er í þjónustu Geco. Það er 1119 brúttólestir, og 69 m langt. Það er útbúið til 35 daga útilegu og hefur rými fyrir allt að 34 menn. Siglingahraði er mestur 13 hnútar. Skipið var smíðað sem togari en breytt 1978 í mælingaskip, og er fyrsta skip Norðmanna af þessu tagi. Yfirbyggingin er aðhæfð notkuninni. Þyrlupallur er aftast á skipinu, yfir svokölluðu skjóldekki sem er útbúið með vindum og skutrennum til að meðhöndla loftbyssur og hlustunarkapal.


Siglinga- og fjarskiptabúnaður er góður. M.a. hefur skipið Marisat gervitunglasíma og telex, enda eru góð fjarskipti nauðsynleg fyrir skipulag og umsjón mælinganna. Staðsetningatæki eru hér talin með mælitækjum, enda eru þau í umsjón mælingamanna. Nákvæm staðsetning er óaðskiljanlegur hluti góðra mælinga.

### 2.2 Hljóðgjafi

Ýmis konar útbúnaður hefur verið reyndur til að mynda hæfileg hljóðmerki fyrir endurkastsmælingar af þessu tagi, en svokallaðar loftbyssur hafa reynst einna heppilegastar og eru notaðar af Geco, sem og af flestum keppinautum þeirra. Fyrirtækið hefur reyndar staðið framárlega við úttfæra búnað loftbyssna og fyrirkomulag, og gera má ráð fyrir að sá þáttur mælintækninnar sé í góðu lagi.

Loftbyssurnar eru dregnar á eftir skipinu í kippum, sem samanstanda af fimm byssum hangandi í röð á um 7,5 m dýpi undir sveigjanlegu flot-hylki. Byssurnar eru af mismunandi stærð, þ.e. þrýstiloftsrúm þeirra er misstórt. Þegar loki loftbyssu er opnaður hleypur loftið í sjóin með hveli. Loftbólun í sjónum heldur áfram að sveiflast, og gefur frá sér nokkra aukapúlva með tímabili sem háð er rýmd byssunnar.

Þessir aukapúlsar eru helsti ókostur loftbyssu, og þeim verður að eyða. Það er gert með því að raða misstórum byssum saman í kippu, og hleypa af með nákvæmum tímastilli svo kænlega, að þeir fyrstu púlsar leggjast á eitt, en hver aukapúls eyðir öðrum. Stjórn afhleypingar og samstillingar byssanna er gerð af sjálfvirku stjórnþæki, Litton LRS-100. Næmar á hverri byssu sýna hvenær skotið hleypur af, og næmar á hverri kippu sýna hljóðmerkið.



Mynd 2. Flatarmálsmynd af fyrirkomulagi loftbyssu í mælingunum. Innskot sýnir hvernig byssunum er raðað innan hvernar kippu.

Byssukippurnar eru dregnar á styrktum slöngum sem leiða þrýstiloft og innihalda rafvíra fyrir stjórn og boðmeki. Aðstaða er fyrir hendi til að meðhöndla allt að 8 kippur í sjó, en í okkar tilfalli voru notaðar 6 svo sem algengast er. Þá eru 30 byssur í sjó. Í Malene eru tvær stórar loftpressur sem geta skilað 6000 rúmtömmum við 2000 psi (138 bör) með 10 s millibili. Þar sem 6 kippur voru notaðar, hver 594 rúmtömmur, er heildarrúmmál aðeins 3564. Það kom sér vel að hafa svo stórar pressur þegar önnur varð ógangfær í Norðurlandsmælingunum og síðar á Jan Mayen-svæðinu. Þá mátti komast af með aðra, en nokkuð varð að hægja á skipinu.

Byssukippum má fylkja á ýmsan hátt. Algengt er að allar byssur séu þétt saman, og mynda þær þá punkt-hljóðgjafa. Þá má dreifa úr kippunum og fá fram loftnets- eða stefnuvirkni í hljóðgjafann. Til þess má mynda breiðfylkingu, langfylkingu eða blöndu beggja. Þessi tækni er eitt helsta stolt Geco, og fyrirtækið býður upp á allt 120 m breiðar og 250 m langar fylkingar. Teikning á mynd 2 sýnir fyrirkomulag kippanna 6 í siglingu Malene Østervold. Þeim var fylkt á 33 m langt og 58 m breitt svæði. Byssukippunum er haldið í sundur með eins konar toghleraútbúnaði.



### 2.3 Móttökubúnaður

Hér segir frá hlustunarkaplinum sem inniheldur hljóðnemana eða hydrófónana. Hann er af svokallaðri "analogue transformerless" gerð. Kapall M.Ö. er 3000 m langur, og samansettur af 30 bútum. Hver bútur inniheldur fjóra hópa af samtengdum hydrófónum. Hver slíkur hópur er 25 m langur og hefur 20 fóna sem senda saman merki inn á eina rás.

Hlustunarkapallinn er látinn liggja lárétt í sjónum aftur af skipinu, á um 10 m dýpi. Flotmagnið er stillt nær hlutlaust, og til finni dýptarstillingar eru notaðir 12 uggaþráar sem raðað er á kapalinn. Þá má stilla samkvæmt upplýsingum frá 11 dýptarnemum í kaplinum. Taug, 258 m löng, liggur úr skipi í virka hluta kapalsins. Hún ber rafleiðslurnar, hefur teygjanlega búta sem taka af rykki, og lóð til að halda framendanum niðri. Aftur úr kaplinum liggur 220 m tóg í endabauju. Bauja þessi sýnir staðsetningu endans og hvernig kapallinn legst undan straumi, og er einnig til öryggis ef hann slitnar. Heildarlengd drásunnar er nær 3,5 km.

### 2.4 Skráning endurkastsmælinga

Grunntækið í skráningarkerfinu er DFS 5 frá Texas Instruments, þrautreynt og algengt tæki. Það tekur við merkjum frá hlustunarkaplinum, eftir að þau hafa farið í gegnum aðlögunareiningu, svokallað DSS 5, sem er nauðsynleg fyrir "transformerlausan" kapal. Þar er merkið magnað og auk þess voru merki úr hverjum tveimur samliggjandi rásum lögð saman. Þetta virkar eins og að nemahóparnir væru 50 m langir, en sköruðust um helming lengdarinnar. Stefnuháð síun eykst við þetta.

DFS 5 breytir rafmerkinu frá rásunum 120 í stafrænt form. Upptökutækin eru þó frábrugðin venjulegu DFS 5 kerfi. Í stað þess að skrá jafnóðum á segulband og mælist, eru stafrænu merkin send til NORD-100 tölvu frá Norsk Data, sem geymir alla skráninguna í minni. Að lokinni upptöku hvers skots skrifar tölvun út á segulband á de-multiplex formi, þ.e. að rásirnar eru sundurgreindar, en ekki í kös eins og frá DFS-5 tækinu. Þrjú segulbönd fyrir þetta skráningu (6250 bpi) voru um borð, tvö tóku við til skiptis og eitt var til vara. Til eftirlits er jafn óðum teiknað endurkastssnið að merkjum einnar rásar á svokallaðan EPC-skrifara. Rúmlega 200 skot fóru á hvert band. Að lokinni línu getur tölvun lesið aftur sýnishorn af bandi og teiknað til eftirlits. Einnig eru ýmsar prófanir á tækjum metnar í tölvunni. Engar stórvægilegar bilanir urðu á þessum búnaði.

### 2.5 Hlustunardufl

Hlustunarduflin (sonobuoys), eru af gerðinni Ref-Tec. Kerfið samanstendur af duflum með hljóðnema og radiósendi til að senda merkið til skipsins, og tveggja rása móttakara á skipinu. Duflunum er hent fyrir borð meðan skipið mælir venjulega endurkastslínu. Þar sem skipið færast frá duflinu á meðan það nemur hljóðmerkin og skilar þeim til skráningar í skipinu, fæst svokölluð bylgjubrotsmæling. Algengt er að duflin nái hljóðbylgjum í allt að 20-40 km fjarlægð. Duflin sökkva í sæ að stuttum tíma línunum.

Duflin senda ýmist á lág- eða hábandi, á 75 eða 135 megariðum. Þau eru

sívalningar, rúmlega metri að lengd, og fljóta upprétt í sjónum. Upp úr þeim rís loftnetið, en hljóðnemi fellur sjálfkrafa niður þegar duflin koma í sjó. Hægt er að stilla þau þannig að það gerist ekki fyrr en endi hlustunarkapalsins er kominn fram hjá, svo ekki flækist. EPC-skrifari er notaður til skráningar skjálftarits á pappír, og merkið er einnig tekið upp á segulband með endurkastsmælingunum, í okkar tilfalli á rás 120.

## 2.6 Önnur mælitæki

Auk endurkastsmælinga er segul- og þyngdarsvið jarðar mælt, og einnig sjávardýpi. Þessar stærðir eru skráðar í hverjum skotpunkti, þ.e. með 25 m millibili. Tölræn skráning er á sama segulbandi og staðsetningar (navigation tape), en auk þess eru mælingarnar skráðar á línuritsformi á pappír. Þessar mælingar eru einfaldari og umfangsminni en endurkastsmælingar, og tiltölulega lítið er fylgst með þeim. Það má jafnvel segja að þær séu vanræktar. Enginn sérfróður maður er um borð til að huga að þessum atriðum, heldur eru siglingafræðingarnir látnir annast lágmarkseftirlit.

Þyngdarmælirinn er frá La Costa Romberg, og honum er komið fyrir í mælitækjarúminu. Mælirinn stendur á veltiborði sem helst lárétt með hjálp gýróstefnuvita. Dregið er úr áhrifum hröðunar skipsins með því að taka 3 mínútna meðaltal þyngdarsviðsins og beita ýmsum öðrum leiðréttingaraðferðum. Í þessari ferð var mælirinn nýkominn úr viðgerð hjá fyrirtækinu Edcon, og til þess að reyna mælinn á sjó var tæknimaður frá fyrirtækinu fyrsta hálfu mánuðinn. Á þeim tíma var þyngdarmælirinn athugaður gaumgæfilega, og virtist góður. Ein bilun varð þegar pera í aflestrartæki bilaði, en viðgerð virtist takast vel.

Segulmælir er af gerð Geometrics G-801/803. Neminn var dreginn eftir skipinu, ýmist 250, 235 eða 210 m frá skut. Óvíst er hversu djúpt neminn lá í sjónum, en að líkindum á a.m.k. 20 m dýpi. Þetta fyrirkomulag var heldur klaufalegt, og fyrir kom að nemakapallinn flæktist í byssunum og slitnaði. Vegna þessa varð að taka nemann úr sjó þegar beygt var. Auk kapalslits urðu oft bilanir, sem líklega stöfuðu af útleiðslu í tengi á dekki. Ennfremur gleymdist að hafa segulmælisnema og kapal með þegar lagt var upp, og þá þurfti að flytja sérstaklega á mælisvæðið.

Dýptarmælir er frá ELAC LAZ, 726 rið, gerð KMMS 44F. Hann er gerður fyrir sjávardýpt á bilinu 0-2000 m. Mælirinn skrifar á línurit, en við hvern skotpunkt er aflestrinum einnig breytt í tölrænt form til skráningar á segulbandið.

## 2.7 Siglinga- og staðsetningatæki

Nákvæm staðsetning er ákaflega mikilvæg í endurkastsmælingum, og yfirleitt er reynt að nýta bestu fáanlegu upplýsingar. Í mælingunum var lórantæki (Micrologic ML-3000) notað sem grunnstaðsetning. Til samburðar var stuðst við Transit gervitunglastaðsetningu (Magnavox-tæki). Það gefur nákvæmar staðsetningar, en að jafnaði aðeins á hálftrar til einnar klukkustundar fresti.

Einnig var haft til hliðsjónar staðsetningatæki af gerðinni Magnavox

MX1107 sem notar GPS-gervitunglastaðsetningar (Global Positioning System). Þetta kerfi gefur mjög nákvæmar staðsetningu samfelld, en er aðeins nothæft tvö fjögurra klukkustunda tímabil á sólarhring, þegar sendingar þriggja til fjögurra hnatta nást í einu, enda er kerfið enn á tilraunastigi. Tæki þetta var ennfremur löngum bilað.

Auk framangreindra staðsetningatækja er stöðugt lesið á sjálfvirkan hátt af gýróáttavita, hraðalaggi og sónar-doppler hraðamæli. Allar þessar upplýsingar eru metnar jafnóðum í sérstakri siglingatölvu sem stjórnast af tölvuforriti sem kallast Norstar. Það reiknar besta fánlegt mat á stöðu eða færslu skips á hverjum tíma, og tekur tillit til allra upplýsinga, svo óregla og rek í aðalstaðsetningu sléttist út. Þetta kerfi er mjög fullkomið þegar það virkar rétt, en ýmsir gallar komu fram á siglingu okkar, og segja má að kerfið sé ekki fullkomlega tilbúið til notkunar. Töluverður tími tapaðist vegna þessa, og að líkindum verður mælingafyrirtækið að taka tapið á sig.

### 3 MÆLINGAR Á JAN MAYEN-SVÆÐI

Ef á heildina er litið má segja að vel hafi tekist til og afköst hafi verið í góðu meðallagi. Alls mældust 4236 km af 5014 km sem voru á áætlun, en hún var reyndar nokkuð ofætluð. Allar línur náðust sem voru flokkaðar í áætlun sem forgangslínur (3438 km). Mælingaáætlun var unnin í samvinnu Orkustofnurnar og norsku Olíustofnunarinnar, en Steinar Þ. Guðlaugsson var tók einnig þátt í verkinu og veitti ráðgjöf. Um undirbúningsvinnu má lesa í greinargerðum eftir Karl Gunnarsson (1984 og 1985a), en ýmsar lausar skrár og kort geyma lokaútgáfu siglingaáætlana. Skýrsla eftirlitsmanns (Hill, 1985) geymir nákvæma tæknilega lýsingu á mælingunum, en skýrsla Geco hefur ekki enn borist mér.

Siglingin hófst að morgni 17. júlí, þegar lagt var úr höfn úr Tromsø í Norður-Noregi. Áður en lagt var úr höfn var haldinn lokafundur með öllum hlutaðeigandi. Auk mælingamanna voru þar fulltrúar Geco, og frá Olíustofnuninni voru mættir Morten Sand, Arild Haugen og Jan Vestby. Sá fyrstnefndi hefur umsjón með verkinu hjá Olíustofnuninni. Með skipinu fóru til eftirlits undirritaður, og fyrir hönd Olíustofnunarinnar David Hill frá breska ráðgjafarfyrirtækinu Delph Management Ltd. Flokksforingi mælingamanna var fyrst Alf Dale, en í síðara úthaldinu Robert Fredheim. Áður en haldið var úr höfn kom í ljós að útbúnað vantaði fyrir segulmæli. Geco ákvað að láta fremur senda hann á mælisvæðið en bíða í höfn. Um hádegi þann 19. var komið á mælisvæðið og byrjað að rekja út hlustunarkapalinn. Byrjað var syðst á svæðinu svo styttra yrði að senda segulmælibúnað til skipsins.

Mæling byrjaði kl. 1640 þann 19. júlí á línu JM-22-85. Fyrsta mánuðinn var veður oftast fremur kyrrt með þöku. Þó var rúmlega tveggja sólarhringa hlé á mælingu vegna illviðris 23. til 25. júlí. Segulmælibúnaðurinn barst skipinu með fiskibátinum Haraldi frá Íslandi 21. júlí. Vegna vandræða við staðsetningakerfi var sérfræðingur sóttur til Raufarhafnar, og þess vegna varð hlé 31. júlí til 2. ágústs. Snúið var til Akureyrar kl. 1446 þann 12. ágúst til að skipta um áhöfn, en það gerir Geco alltaf á mánaðarfresti. Fulltrúar Olíustofnunarinnar komu til Akureyrar til skrafs og ráðagerða. Gunnar Johnsen og Steinar

Guðlaugsson voru þar af hálfu Orkustofnunar, og sáu meðal annars um þyngdarmælingu til viðmiðunar.

Skipið lá í höfn á Akureyri þann 14. frá miðnætti til kl. 17. Þá var haldið til mælinga á Flateyjarsvæðinu, og ekki komið á Jan Mayen-svæðið fyrr en 18. ágúst, en kl. 0022 þann 19. hófst mæling aftur. Veður var verra á þessu síðara úthaldi. Að vísu urðu aðeins tvö hlé á mælingu, rúmir tveir sólarhringar samtals, en oft var mælt við vondar aðstæður. Síðustu línu var lokið kl. 0335 31. ágúst. Þá var útbúnaðurinn tekinn inn og haldið áleiðis til næsta mælingasvæðis Geco sem var við Svalbarða. Þangað var komið 2. september, og vorum við eftirlitsmennirnir ferjaðir í land í Longyearbyen, sem er kolanámubær Norðmanna.

### 3.1 Sigling

Staðsetningin grundvallaðist á lórankerfinu (Loran-C) sem reyndist mjög vel, og ætti að hafa gefa nákvæmni upp á nokkra tugir metra þegar leiðrétt hefur verið fyrir hliðrun. Notast var við stöðvar á Jan Mayen, Færeyjum, Íslandi og Noregi. Tækið var stillt á fasta hliðrun með tilliti til gervitunglastaðsetninga, og hún reyndist brúkanleg fyrir allt svæðið. Helstu gallar voru nokkur óstöðugleiki um nætur, og nærri Jan Mayen virtist tækið missa stillingu vegna þess að mekið frá stöðinni í einni drekkti hinum.

Transit-gervitunglastaðsetningar fengust oft, að meðaltali á um 6 km millibili, en allmikill breytileiki er þó þar á. GPS-kerfið gaf mjög nákvæmar staðsetningar þegar það var fánlegt, en langar gloppur eru jafnan í móttöku og einnig var tækið löngum bilað. Því var ekki að jafnaði byggt á því nema í neyð, og til viðmiðunar og kvörðunar. Doppler-hraðamæling með sónar reyndist ekki góð, en lítið þurfti að reiða sig á hana.

Mest vandræði urðu vegna galla í Norstar-tölvukerfinu. Það missti oft þráðinn svo gera varð hlé í miðri mælingu. Fjölmargar útgáfur á forritinu voru reyndar, og hafði hver sína sérvisku. Á línunum 226, 126 og 26 komu fram kaflar þar sem skotbil var 10% lengra en vera átti. Allmikill tími tapaðist vegna alls þessa, m.a. þegar sérfræðingur var sóttur í land, og mun Geco bera megnið af aukakostnaði.

### 3.2 Endurkastsmælingar

Á flestum línunum er 25 m bil milli skota, og hafa sextugfalda þekju, sem kallað er (60 geislar endurkastast undir misgleiðu horni frá hverjum punkti innan jarðlagastaflans). Nokkrar valdar línur voru þó skotnar með 50 m millibili, sem veldur því að þekjan verður aðeins þrítugföld, en hægt er að skrá endurköstin í lengri tíma og kanna dýpra. Skráningartími var hafður 15 s fyrir mælingar með 50 m skotbili, en á línunum með 25 m bili var framan af skráð í 8 s, en var seinna minnkað í 7 s til að auka afköst. Þó var sett 8 s skráning á línu 24/124/224 vegna mikils sjávardýpis, og þegar siglingarhraði takmarkaðist vegna bilunar loftpressu var notað tækifærið og skráð í allt að 9 s.

Eftirfarandi línur voru með langri skráningu (15 s) og 50 m bili milli

skotpunkta: 2, 8, 11, 14, 19, 26/126/226/326/426 og 129. Af þeim eru línur 26, 126 og 226 gallaðar, samanber kafla 3.1. Óvíst er að hversu miklu leyti þessi gögn eru nothæf. Þær voru endurteknar, en þá voru 25 m milli skota. Gert var ráð fyrir að Geco tæki að sér hluta auka-kostnaðar.

Hlustunarkapallinn lá vel í sjónum í góðu jafnvægi. Hann var venjulega hafður á 10 m dýpi, en í síðari hluta mælinganna var honum stundum sökktt á 13 eða 14 m dýpi til að minnka bylgjuhávaða sem ágerðist með versnandi veðri. Rás 85 var framan af trufluð af útleiðslu, sem reyndist vera vegna gats í slöngunni. Þetta var lagað við áhafnar-skiptin, og þótti ekki vert að eyða tíma í það fyrr. Í síðari helmingi mælitímans kom fyrir að öldugangur olli verulegum hávaðatruflunum, en haldið var áfram við mælingu þar sem tími var knappur. Væntanlega má sía þessar truflanir að hluta frá, þar sem þær eru með mjög lága tíðni og lægri tíðnimörk tækjanna voru stillt á um 3,5 rið í stað 8 riða eins og algengt er.

Þar sem endar lína lágu saman (brot í línunum) var ýmist tekin lykkja til að koma mætti inn á línuna með beinan kapal, eða sveigt var beint inn á nýju línuna þar sem horn ekki skarpt. Óhætt á að vera að sveigja þannig 10 gráður, en við tókum oft krappari beygjur til að flýta fyrir. Þegar stöðva varð mælingu á miðri línu og hefja aftur, var jafnan sigld lykkja, og það tók oftast 2-3 klukkustundir.

Byssurnar voru að mestu í lagi. Venjulega töpuðust nokkur skot á hverri línu, oftast vegna galla í siglingareikningi, en það var jafnan innan þolanlegra marka. Einstakar byssur voru dauðar á stundum og jafnvel heil kippa, en það var einnig innan takmarka. Örfáum sinnum kom það fyrir að einstakar byssur misstu samstillinguna. Versta tilfellið var á línu JM-24-85 þar sem slíkt gerðist á 7 km bili. Önnur loftþjappan var vangæf eftir áhafnarskiptin. Hún var í lamasessi við mælingarnar undan Norðurlandi og síðar á J.M.-svæðinu eftir línu JM-11-85. Þá varð að draga úr hraða.

### 3.3 Bylgjubrotsmælingar

Fyrst í stað virkaði kerfið ekki vel, og Geco-menn fórnúðu nokkrum duflum til tilrauna. Gert var við afleiðslu til formagnara móttökutækis, en eftir sem áður skiluðu hábandsduflin verri gögnum en lágbandið. Reynt var að sniðganga þau. Seinna var hábandsmóttakan tíðnistillt, og batnaði hún þá mjög, en samt virtist lágbandssendingin berast heldur lengra.

Notuð voru 44 dufl, og af þeim voru 38 virk, og eru staðsett á mynd 3. Ekki virtust þau öll gefa miklar upplýsingar, en bíða verður úrvinnslu til a skera úr því. Tölræn skráning á seismíska rás nr. 120 takmarkast við sömu tímalengd og endurkastsmælingarnar. Sérstakt vandamál skapaðist við skráningu 11 dufla sem eru á þeim línunum þar sem bil milli skotpunkta var 25 m og upptaka aðeins 7 eða 8 s. Þar er upp-tökutíminn oft of stuttur þegar frá dregur duflinu. Reynt var að ráða á því bót, með því að setja tímatöf á EPC-skrifarann og skrá lengri tíma á pappírslínuritið. Sú skráning jafnast þó ekki á við tölræna skráningu og ýmislegt spillir fyrir. Hljóðbylgjan sem berst til-tölulega hægt um sjóinn frá næstsíðasta skoti fellur saman við brotnu

bylgjuna þar sem hún fer að dofna vegna fjarlægðar, og kæfir hana. Þetta gæti orðið til að stytta langdrægni duflanna. Þegar upptökutími var af nauðsyn stilltur lengri en tímabil á milli skota, skráist aðeins annað hvert skot. Samt sem áður er þess vænst að hafa megi not af pappírsskráningunni.

### 3.4 Þyngdarmælingar

Þyngdarmælingar virðast hafa tekist að fullu, og ekki er vitað til þess að nokkurs staðar vanti mælingu á línum. Utan lína var þyngdarmæling ekki bókfærð, nema nóttina 31. júlí til 1. ágúst er ég lét gera tilraun til að mæla línu inn yfir landgrunn Íslands á leið til Raufarhafnar. Þyngdarmæling var gerð við bryggju í Tromsö, á Akureyri við áhafnarskiptin, og að líkindum aftur í Noregi síðar. Með þessu móti má stilla mælinguna af við þekkt gildi í landstöðvum. Orkustofnun sá um tengingu á Akureyri (sjá kafla 3.4 og viðauka 2), en Olíustofnunin ætlar að sjá um Noregshliðina.

Þyngdarmælir var settur í skipið í Tromsö, nýkominn úr viðgerð, og fylgdi tæknimaður frá mælingafyrirtækinu Edcon honum til eftirlits. Sá fór af skipinu 1. ágúst í Raufarhöfn. Mælirinn fékk því góða umönnun framan af. Hann bilaði lítilsháttar 19. ágúst, en viðgerð virtist takast vel. Þetta gerðist við endurtekningu línu JM-226-85. Þar var þegar búið að mæla svo þetta kom ekki að sök.


### 3.5 Segulmælingar

Einna mestar gloppur eru í segulmælingunum, en þær eru alls á 3397 km siglingu, um 85 % af heildarsiglingalengd. Þær mælingar sem náðust eru þokkalegar að gæðum. Helst má kvarta yfir 2-3 nī suði, og dálitlum truflunarkafla á línu JM-24-85. Ástaður gloppanna eru ýmsar. Þar sem trassað var að taka með segulmælisma og nemakapal, tapaðist í byrjun mæling á línum 22, 21 og 20. Það kom nokkrum sinnum fyrir að nemakapallinn flæktist í byssunum og slitnaði. Þá varð einu sinni að draga nemann inn vegna grynninga við Jan Mayen. Sjá nánar í línu-lýsingum hér að aftan.

### 3.6 Mæli línur

Mæli línur eru taldar upp í sömu röð og þær voru mældar, og dregnar á kort á mynd 3. Ef lína er t.d. merkt 19/A, táknar það að hún hefur verið mæld í bútum sem þá eru merktir 19 og 19A. Athugasemdir eru hér einkum gerðar um það sem úrskeiðis fór.

Lína JM-22-85, 20.-21. júlí kl. 1640-0521, lengd 100,725 km, stefna 295, skotbil 25 m og skráning í 8 sekúndur. Engin segulmæling vegna þess að nema vantar. Byssukippa úr sambandi á tíma vegna loftleka. Á miðri línu voru sett ný hliðrunargildi fyrir lóran-staðsetningu, sem haldið var út mælingarnar.



Mynd 3. Mællínur Malene Östervold á Jan Mayen-svæðinu, 1985.

Lína JM-21-85, 21. júlí kl. 0808-1831, lengd 81,2 km, stefna 114, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Engin segulmæling, nema vantar. Ein byssukippa úr sambandi um tíma.

Lína JM-20-85, 22. júlí kl. 0228-1921, lengd 133,925 km, stefna 296, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Engin segulmæling vegna þess að nemabúnaður var ekki tilbúinn til notkunar. Ein byssa óvirk á kafla.

Lína JM-19/A-85, 22.-23. júlí kl. 2225-1220, lengd 90,0 km, stefna 114, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Sjór og veður vaxandi þar til hætta varð mælingu áður en línu var lokið. Engin segulmæling upphaflega vegna þess að nemabúnaður var ekki tilbúinn. Segulmælt sérstaklega á línunni 25. júlí meðan beðið var eftir að veðrið lægi.

Lína JM-326/A-85, 25.-26. júlí kl. 2254-1401, lengd 94,0 km, stefna 031, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Þrjú hlustunardufl (nr. 1,2,3) voru lögð út. Ein byssa óvirk á kafla. Fyrsta segulmæling með endurkastsmælingum. Segulmælisnemi slitnaði aftanúr þegar siglt var í slaufu, svo 43 km eru ómældir til endans. Nemi var 250 m aftan skuts, en við slitið styttist kapallinn í 235 m.

Lína JM-226/A-85, 26.-27. júlí kl. 1616-0728, lengd 111,155 km, stefna 347, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Sjö dufl lögð út, og af þeim virka 3. Rás 85 var tekin úr sambandi vegna útleiðslu, og var ekki tengd fyrr en við áhafnarskipti. Galli var í siglingakerfi svo bil milli skotpunkta eru 55 m á helmingi línunnar.

Lína JM-126-85, 27. júlí kl. 1004-1803, lengd 73,314 km, stefna 000, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Hlustunardufl nr. 11 lagt út. Aftur er um helmingur línunnar með of löngu skotbili. GPS-staðsetning virkar ekki, og kemst ekki í lag fyrr á línu 327.

Lína JM-26-85, 27.-28. júlí kl. 1804-0417, lengd 60,978 km, stefna 350, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Beygt var beint inn á línuna af síðustu. Hlustunardufl nr. 12 og 13, sú fyrri virkaði skamman tíma. Síðari helmingur línu var með ónákvæma staðsetningu, því lóran tapaðist, líklega vegna nálægðar við Jan Mayen stöðina. Sónar-doppler mæling reyndist léleg og gervitunglastaðsetningar gisnar.

Lína JM-27A-85, 28.-29. júlí kl. 1529-0134, lengd 82,55 km, stefna 179, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Ekki fékkst lóranmæling í byrjun línu, og miklar skekkjur voru þar í siglingu. Fyrsti ábyggilegi skotpunkturinn er talinn vera 1140, en þá var skipið 300 m út úr línu, en e.t.v. er nokkur spotti nýtur fyrr.

Lína JM-127/A-85, 29. júlí kl. 0134-1200, lengd 60,55 km, stefna 159, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Ein byssukippa óvirk á tímabili. Dufl nr. 14 lagt út.

Lína JM-227-85, 29. júlí kl. 1200-2147, lengd 80,225 km, stefna 196, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Snúið beint inn á línuna af línu 127. Dufl 15 og 16 lögð út.

Lína JM-327-85, 29.-30. júlí kl. 2148-0705, lengd 75,15 km, stefna 208, skotbil 25 m og skráning í 8 s. Dufl nr. 17. GPS-staðsetning náðist aftur eftir langt hlé, og var notuð um tíma sem grunnstaðsetning.



Lína JM-19B-85, 30. júlí kl. 1221-1734, lengd 41,0 km, stefna 115, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Duf1 nr. 18. Hér var lokið við línu 19 sem hætta varð við vegna veðurs 23. júlí.

Lína JM-426-85, 30.-31. júlí kl. 2332-1355, lengd 120,45 km, stefna 199, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Allmörg skot töpuðust í blá-endann vegna Norstartruflana, en ekki þótti ástæða til að gera veður út af því. Haldið svo til Raufarhafnar.

Lína JM-18-85, 2. ágúst kl. 0046-1624, lengd 130,10 km, stefna 114, skotbil 25 m og skráning í 8 s.

Lína JM-17/A/B-85, 2.-3. ágúst kl. 1919-1803, lengd 134,7 km, stefna 296, skotbil 25 m og skráning í 8 s.

Lína JM-16-85, 3.-4. ágúst kl. 2046-1110, lengd 133,275 km, stefna 114, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Skráning var stytta til að auka mætti hraða. Vandræði urðu við aðra loftþjöppuna í byrjun línu. Ein byssukippa var óvirk á kafla.

Lína JM-15-85, 4.-5. ágúst kl. 1350-0359, lengd 134,1 km, stefna 297, skotbil 25 m og skráning í 7 s. GPS virkaði ekki á línunni, og ekki um langt skeið.

Lína JM-14-85, 5. ágúst kl. 0645-1954, lengd 126,7 km, stefna 115, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Duf1 19,20 og 21 lögð út. Fyrsta er af hábandsgerð og reynist truflað.

Lína JM-13-85, 5.-6. ágúst kl. 2331-1115, lengd 112,05 km, stefna 275, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Transit gervitunglastaðsetningar náðust ekki á síðari helmingi línu. Skot 451-481 skráðust ekki á staðsetningasegulbandið.

Lína JM-12A-85, 6.-7. ágúst kl. 1736-0325, lengd 89,7 km, stefna 090, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Fyrsta tilraun til að byrja línu fór út um þúfur vegna byssuvanda.

Lína JM-32-85, 7. ágúst kl. 0601-1200, lengd 55,45 km, stefna 297, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Þessi lína var hafði ekki forgang í áætlun, en ákveðið var að mæla hana, enda liggur hún yfir borholu.

Lína JM-25-85, 7.-8. ágúst kl. 1615-1307, lengd 194,3 km, stefna 000, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Duf1 nr. 22 og 23.

Lína JM-01-85, 8.-9. ágúst kl. 1840-0533, lengd 100,6 km, stefna 270, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Þegar 1/3 af línunni var ómældur, kom skipið óvænt á grynningar (Strömflaket) og um leið fór lóraninn úr sambandi. Sveigt var til suðurs og að lokum var afgangi línunnar hliðrað um 1,3 km til suðurs. Segulmælisnemi dreginn inn á grynningunum, svo mælingu vantar á 44 km.

Lína JM-02-85, 9. ágúst kl. 0800-2322, lengd 144,1 km, stefna 089, skotbil 50 m og skráning í 15 s. Þrjú hlustunardufl. Það óhapp vildi til að nær helmingur staðsetningarsegulbandsins eyðilagðist vegna þess að siglingafræðingur gleymdi að skipta um band og næsta lína skráðist ofaní. Nægar upplýsingar eiga að vera skráðar með endurkastsmælingunum til að bjarga þessum gögnum.

Lína JM-03/A/B-85, 10. ágúst kl. 0438-2221, lengd 102,1 km, stefna 270, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Tvisvar varð að gera hlé á mælingu. Fyrst vegna hiks í skráningarkerfi, og svo vegna loðnuskips á siglingu. Nokkuð bras með bysustillingu og ein kippa var óvirk um tíma.

Lína JM-04/A-85, 10.-11. ágúst kl. 2230-1215, lengd 102,675 km, stefna 089, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Töf varð vegna þess að sama byssukippan vanstilltist, og hún varð óvirk á meiri hluta línunnar.

Lína JM-05-85, 11.-12. ágúst kl. 1417-0113, lengd 102,625 km, stefna 271, skotbil 25 m og skráning í 7 s.

Lína JM-06-85, 12. ágúst kl. 0312-1448, lengd 103,0 km, stefna 089, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Veður fór harðnandi, og þótt full-órólegt yrði í sjó var línunni lokið áður en haldið var af stað til Akureyrar. Segulmælingu vantar á fyrstu 3 km.

Lína JM-226B/C-85(endurt.), 19. ágúst kl. 0022-1949, lengd 108,175 km, stefna 347, skotbil 25 m og skráning í 7, 8 og 9 s. Bilun í loftpressu olli því að minnka varð siglingarhraða, og þá var tækifærið notað til að auka skráningartíma. Loftbyssan komst aftur í notkun en ekki með fullu afli. Ein byssukippa biluð um tíma og ein byssa var dauð. Nokkuð slæmt var í sjóinn. Þyngdarmælir bilaði. Segulmæliskapall flæktist í byssum og bilaði. Menn sögðu: hverju reiðast goðin ?

Lína JM-126A-85, 19.-20. ágúst kl. 1950-0420, lengd 74,05 km, stefna 000, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Inn á þessa línu var snúið beint af síðustu línu. Byssan enn dauð. Viðgerð á þyngdarmæli lokið, en hann þarf að jafna sig.

Lína JM-26B-85(endurt.), 20. ágúst kl. 0420-1128, lengd 61,575 km, stefna 350, skotbil 25 m og skráning í 7 s. Lóran fór úr stillingu sem fyrr þegar nálgast var Jan Mayen, en GPS dugði nær til línuenda. Tíguleg landsýn. Þyngdarmælir virðist vera kominn í lag.

